

Velferðarnefnd Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll

Nefndasvið Alþingis leitaði fyrir hönd Velferðarnefndar Alþingis eftir umsögn Landssamtakanna Geðhjálpar um tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021 með tölvupósti til samtakanna þann 28. apríl 2017.

Landssamtökin þakka fyrir tækifæri sitt til að senda inn umsögn um þingsályktunina. Um leið er athygli nefndarinnar vakin á því að öryrkjar með geðgreiningu telja hátt í 40% öryrkja í landinu. Eðlilegt hefði verið að gera ráð fyrir einum fulltrúa þessa hóps í starfshópi ráðuneytisins um þingsályktunartillöguna í því skyni að tryggja að sjónarmið hans kæmu milliliðalaust fram í anda, vali og framsetningu verkefna í áætluninni.

Í inngangi þingsályktunarinnar kemur fram að Samningur Sameinuðu þjóðanna verði innleiddur í alla lagaumgjörð og framkvæmd til að tryggja að fötluðu fólki verði ekki mismunað á grundvelli fötlunar sinnar. Geðhjálp vekur athygli á því að fólki með fötlun er mismunað á grundvelli fötlunar sinnar í ákvæðum núgildandi lögræðisлага um *nauðungarvistun*, *lögræðissviptingu* og *þvingaða meðferð* og skorar á stjórnvöld að afmá þessa mismunun í heildarendurskoðun laganna með hliðsjón af Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hið fyrsta. Ef vel ætti að vera hefði framkvæmdaáætlun um endurskoðun tilheyrandi laga og framkvæmd samkvæmt áður nefndum samningi þurft að fylgja þingsályktuninni.

Geðhjálp hefur lengi barist fyrir því að fólki með geðrænan vanda sé veitt tækifæri til að jafna sig eftir útskrift af sjúkrahús í svokölluðu skjólshúsi. Í greinargerð með tveimur verkefnum í framkvæmdaáætluninni kemur fram að setja þurfi á laggirnar skjólshús<sup>1</sup>. Stofnun, stefnumótun og rekstur skjólshúss er viðamikil verkefni. Ef raunverulegur vilji stjórnvalda stendur til þess að hleypa af stokkunum vinnu við stofnun skjólshúss er nauðsynlegt að gera grein fyrir því verkefni með greinargóðum hætti í sérstakri verkefnalýsingu í áætluninni. Geðhjálp leggur í því sambandi áherslu á að skjólshús verði mannað notendum, bæði í stjórnunar og almennum störfum, til að tryggja árangur, sbr. <http://power2u.org/crisis-alternatives.html>.

Síðast en ekki síst ber að nefna að framkvæmdaáætlunin hefur að geyma mörg jákvæði verkefni, m.a. í þágu menntunar og vinnumarkaðar. Slíkt ber að þakka og leggja áherslu á ábyrgð þessara aðila á geðheilsu fólks í samfélaginu.

Fyrir hönd Geðhjálpar,  
Hrannar Jónsson, formaður.



---

<sup>1</sup> C3 og C4.